

Þriðjudaginn 14. apríl 1987.

Nr. 174/1985. **Sigríður Hallgrímsdóttir**
Kjartan R. Gíslason og
Teitur Benediktsson

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

Ísafoldarprentsmiðju hf.
og gagnsök

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Útgáfusamningur. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson og prófessor Arnljótur Björnsson.

Aðaláfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. júlí 1985. Þeir gera þær dómkröfur að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim 4.831.200,00 krónur með 19% ársvöxtum frá 1. apríl 1984 til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, með 48% ársvöxtum frá þeim degi til 28. mars 1985 en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Verði tekið fram um vextina að vextir, sem fallið hafa og falla á kröfuna eftir 1. febrúar 1985, skuli bætast við þann höfuðstól sem vextir reiknast af á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1986. Jafnframt þessu krefjast þeir sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda í málinu. Þá krefjast aðalstefnendur og þess að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða þeim óskiptan málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Beri málskostnaðarfjárhæðin 30% ársvexti, aðallega frá dómtökudegi í Hæstarétti en til vara frá þeim degi er dómur verður aðfararhæfur. Um vextina á málskostnaðinn verði tekið fram, að þeir skuli bætast við þann málskostnaðarhöfuðstól, sem vextir reiknast af, á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafstímann.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 12. mars 1986, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. greinar laga nr. 75/1973 hinn 7. mars 1986. Dómkröfur hans eru þær að hann verði

sýknaður af öllum kröfum aðaláfrýjenda og þeir verði dæmdir til að greiða honum óskipt 7.429.725,00 krónur með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá 4. október 1984 til greiðsludags. Verði vöxtum bætt við höfðstól á 12 mánaða fresti talið frá upphafsdegi vaxta. Gagnáfrýjandi krefst og málskostnaðar óskipt úr hendi aðaláfrýjenda, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Árið 1959 talaðist svo til með Ingvari G. Brynjólfssyni menntaskólakennara og gagnáfrýjanda að Ingvar semdi íslensk-þýska orðabók sem gagnáfrýjandi gæfi út. Var gert ráð fyrir að orðabókin yrði 20 arkir og kæmi út árið 1964. Skriflegur samningur var ekki gerður. Ingvar hóf samningu orðabókarinnar þegar á árinu 1959 og vann einn að verkinu. Árið 1965 réð hann aðaláfrýjandann Teit til að vinna að bókinni með sér og aðaláfrýjandann Kjartan nokkru síðar. Höfðu þá breyst upphaflegar áætlanir um stærð orðabókarinnar, fyrst á árinu 1962 í 50 arkir og aftur árið 1964 í 80 arkir. Þegar frá árinu 1959 hóf gagnáfrýjandi að greiða Ingvari nokkra þóknun upp í væntanleg höfundarlaun hans, sem og aðaláfrýjendunum Teiti og Kjartani eftir að þeir hófu að vinna að orðabókinni. Hélt svo óslitið að undanskildu einu ári til ársins 1980 að því meðtöldu.

Allir unnu semjendur orðabókarinnar að verkinu sem aukastarfi í sumarleyfum og tómstundum samhliða kennslustörfum. Haustið 1970 sótti Ingvar til menntamálaráðuneytis um ársleyfi á launum til að fullbúa orðabókina til prentunar. Sagði í umsókninni að fyrstu gerð handrits að bókinni væri þá allt að því lokið og önnur gerð (lokagerð) hafin. Jafnframt tók hann fram að endurskoðun alls verksins, lagfæringar og samræmingarvinna, fullnaðarfrágangur og endurvélritun verulegs hluta væri óhemjuvinna. Áætlaði Ingvar að handrit orðabókarinnar yrði fullbúið til prentunar fyrir árslok 1972 og bókina kæmi út 1973 ef honum yrði veitt umbedið orlof og orðið yrði við sams konar umsókn frá aðaláfrýjandanum Teiti. Að öðrum kosti sagðist hann ekki treysta sér til að gera bindandi áætlun um útgáfuár. Umbedið orlof var veitt, en aðeins í hálfu ár.

Með bréfi til gagnáfrýjanda 30. mars 1973 beiddist Ingvar þess m.a. að bókstafurinn A, Á í orðabókinni yrði fullsettur og afþrykktur í 10 eintökum í allra síðasta lagi fyrir 15. júní. Sagði í bréfinu

að þetta væri nauðsynlegt til að knýja fram greiðslu á öðrum vettvangi. Ennfremur að bókstafirnir $A, \acute{A}/B$ væru setningarhæfir svo og nokkrir fleiri tilgreindir bókstafir, en meira væri í aðsigi. Kemur fram af bréfi, er Ingvar ritaði gagnáfrýjanda 30. júní 1975, að hann hafi orðið við því að setja stafina $A, \acute{A}$. Er þó í því bréfi að því fundið að prófarkirnar hafi ekki verið afhentar í nægilega mörgum eintökum. Einnig lýsti Ingvar þar yfir vilja sínum til að verkið yrði sett í áföngum, en tjáði sig ekki þó geta sagt til um hvenær endursamningu handrits yrði lokið.

Af minnisgreinum Ingvars vegna fundar orðabókarmanna 23. ágúst 1975 kemur fram að auk þess sem stafurinn A hefði verið settur fyrir 2 árum séu bókstafirnir B og D og E að hálfu það sem hann nefnir „druckreif“. Er þó í minnisgreinunum getið tafar af sérstökum orsökum er muni ekki haldast lengi úr þessu. Þá er þar og getið allmargra bókstafa sem endurunnir hafi verið, auk þeirra sem fyrr voru nefndir.

Gerð handrits virðast aðaláfrýjendur telja hafa verið lokið 22. ágúst 1978, en vélritun 12. mars 1979. Vísa þeir til áritunar aðaláfrýjandans Kjartans á blaðsíðu í handriti af bókstafnum Z þessu til sönnunar.

Hinn 28. janúar 1979 andaðist Ingvar G. Brynjólfsson og situr eiginkona hans, aðaláfrýjandinn Sigríður Hallgrímsdóttir, í óskiptu búi eftir hann. Hefur aðaláfrýjandinn Kjartan verið formælandi orðabókarmanna eftir andlát Ingvars. Um áramótin 1981-1982 urðu eigendaskipti að meiri hluta hlutabréfa í Ísafoldarprentsmiðju hf. og var nýr stjórnarformaður, Leó E. Löve lögfræðingur, kosinn á aðalfundi félagsins í september 1982.

Í marsmánuði 1982 var efnt til hádegisverðarfundar með hinum nýja aðalhluthafa og aðaláfrýjandanum Kjartani og nokkrum fleirum, meðal annars starfsmanna frá Ísafoldarprentsmiðju hf. Virðist fundur þessi hafa verið haldinn að frumkvæði starfsmanns vestur-þýska sendiráðsins. Var á fundinum rætt um orðabókarútgáfunna, þar á meðal, að því er ætla má, um yfirlestur og samræmingu handritsins, fyrirætlun aðaláfrýjandans Kjartans um að fá leyfi frá störfum þegar hafist yrði handa um prentun, vilja gagnáfrýjanda til að gefa bókina út og fyrirætlanir hans um að festa kaup á tölvubúnaði sem notaður yrði.

Enn ræddust fyrirvarsmaður gagnáfrýjanda og aðaláfrýjandi Kjartan við í síma síðsumars 1982 vegna annarra samskipta sinna. Bárust þá tölvukaupin aftur í tal, en ekki hafði þá enn verið fullráðið hvaða búnaður yrði keyptur. Í desember 1982 átti aðaláfrýjandinn Kjartan ásamt lögmanni sínum fund með gagnáfrýjanda og tjáði honum þá ákvörðun aðaláfrýjenda um að snúa sér annað með orðabókarútgáfuna. Voru samningsslitin staðfest bréflega 15. mars 1983. Hafa aðaláfrýjendur samið við annan útgefanda um útgáfu bókarinnar.

II.

Dómkröfur aðilja og rökstuðningur fyrir þeim er hinn sami og í hinum áfrýjaða dómi.

Ekki er ágreiningur um að þegar á árinu 1959 hafi Ingvar G. Brynjólfsson tekið að sér með munnlegu samkomulagi við gagnáfrýjanda að vinna að samningu hinnar fyrirhuguðu orðabókar, en gagnáfrýjandi að sínu leyti gengist undir að gefa hana út. Að því samkomulagi urðu aðaláfrýjendurnir Kjartan og Teitur síðar einnig aðiljar. Í samkomulagi þessu var ekki kveðið sérstaklega á um ýmis einstök atriði sem máli skiptu, þar á meðal um útgáfutíma. Verður að líta svo á að til þess hafi verið ætlast að hann færi eftir aðstæðum og þá einkum því hvernig höfundur miðaði við verkið. Þá verður að ætla að gengið hafi verið út frá því að gagnáfrýjandi hæfist handa um útgáfuna innan sanngjarns og eðlilegs tíma frá því að hann hafði fengið í hendur handrit slíkt að hann gæti tekið til við setningu og prentun og annan frágang bókarinnar þannig að það verk mætti vinna án óeðlilegra tafa.

Aðaláfrýjendur halda því fram að slit þeirra á samningnum við gagnáfrýjanda í desember 1982 réttlætist af því að óhæfilegur dráttur hafi orðið á því af hans hendi allt frá árinu 1975 að hann hæfist handa um setningu og annað til að hrinda útgáfunni í framkvæmd. Enda þótt gögn málsins bendi til vilja aðaláfrýjenda á þessum tíma til að gagnáfrýjandi hæfist handa um setningu einstakra hluta orðabókarinnar verður þó ekki ótvírætt af þeim ráðið að þeir hafi gert gagnáfrýjanda skýrt og afdráttarlaust grein fyrir því að handrit þeirra væri svo langt komið að þeir gætu afhent það til útgáfu í hlutum, sem mætti vinna án tafa er máli skiptu, uns lokið yrði. En

jafnvel þó svo hefði verið er á það að líta að hvorki á fundinum í mars 1982 né í samtalinu síðsumars það ár hreyfði Kjartan því að aðaláfrýjendur teldu sig lausa mála af samningum sínum vegna dráttar gagnáfrýjanda á því að hefja útgáfustarfið. Var þó til þessa sérstök ástæða, ef þetta var viðhorf hans og annarra aðaláfrýjenda, þar sem fram kom af hálfu hins nýja fyrirsvarsmanns gagnáfrýjanda að hann hafði hug á eigi aðeins að hrinda útgáfunni í framkvæmd heldur einnig afla til þess nýs setningarbúnaðar. Verður því að telja að skilyrði hafi brostið til að aðaláfrýjendur mættu slíta samningnum við gagnáfrýjanda vegna dráttar á útgáfu orðabókarinnar af þeim ástæðum sem þeir gerðu. Á því er ekki byggt í málinu að gagnáfrýjandi hafi verið í vanskilum með greiðslu umsaminnar þóknunar en hennar vitjuðu þeir allt fram á árið 1980.

Samkvæmt framansögðu ber að fallast á það með gagnáfrýjanda að aðaláfrýjendur hafi bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart honum með samningsrofum sínum. Verður tjón gagnáfrýjanda áætlað að álitum 1.500.000,00 krónur. Verða aðaláfrýjendur dæmdir til að greiða honum þá fjárhæð óskipt ásamt dómvöxtum frá 4. október 1984.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 56/1979, sbr. dóma Hæstaréttar 11. mars 1987, verður fallist á kröfu gagnáfrýjanda um að honum sé heimilt að bæta áföllnum dómvöxtum árlega við höfuðstól hinnar dæmdu fjárhæðar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 4. október 1985.

Af þeim ástæðum sem greindar hafa verið verða fjárkröfur aðaláfrýjenda á hendur gagnáfrýjanda eigi til greina teknar.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað sem ákveðst 400.000,00 krónur samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Það athugast að skýrslur aðilja og vitna fyrir dómi voru hljóðritaðar eftir þeim en að nokkru eftir endursögn. Verður ekki séð af dómsgerðum að þeim hafi verið veittur kostur á að hlýða á hljóðritanir þessar, sbr. 134. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 3. gr. laga nr. 14/1976.

D ó m s o r ð:

Gagnáfrýjandi, Ísafoldarprentsmiðja hf., á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Sigríðar Hallgrímsdóttur, Kjartans Gíslasonar og Teits Benediktssonar, í málinu.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt 1.500.000,00 krónur með dómvöxtum frá 4. október 1984 til greiðsludags, og leggist þeir við höfuðstól hinar dæmdu fjárhæðar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 4. október 1985.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 400.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Ingvar heitinn Brynjólfsson, eiginmaður aðaláfrýjandans Sigríðar Hallgrímsdóttur, hóf vinnu við íslensk-þýska orðabók á vegum gagnáfrýjanda, Ísafoldarprentsmiðju hf. árið 1959. Vann hann síðan að þessu verkefni í 20 ár allt til æviloka og lengstum þess tíma með aðaláfrýjendunum Kjartani R. Gíslasyni og Teiti Benediktssyni. Ekki var gerður skriflegur útgáfusamningur og heimildir eru rýrar um hina munnlegu samninga um útgáfuna og samskipti höfunda við útgefanda. Þó hafa verið lögð fram í málinu nokkur skjöl, sem flest stafa frá Ingvari Brynjólfssyni, og aðila- og vitnaskýrslur voru gefnar fyrir héraðsdómi.

Af bréfi, sem Ingvar ritaði gagnáfrýjanda 30. júní 1975, verður ráðið að hann vildi afhenda handritið smám saman og að það yrði sett í áföngum, svo og að prófarkalestur gæti þokast áfram jafnhliða fullvinnslu handrits. Tók Ingvar fram, að hann gæti ekki sagt, hvenær „endursamningu“ handrits lyki, en kvað höfundana vilja „losna við verkið“ sem fyrst. Þó taldi hann sig geta sagt, að hægt yrði að setja bókina út að stafnum S, „er prentsmiðjan getur snúið sér að þessu með einhverjum hléum væntanlega“.

Fram hefur verið lagt minnisblað Ingvars dagsett 21. ágúst 1975. Þar segir, að prentsmiðjan muni geta byrjað setningu innan 2-3 vikna, en líklegt sé, að verkið taki 2 ár. Þá segir, að búið sé að setja stafinn A og að tilbúnir séu stafirnir B, D og hálfur stafurinn E. Búið sé að endurvinnna F, G, tvo þriðja af H, I, J, K, L, M, N, O, P hluta R og hluta S.

Lagt hefur verið fram minnisblað frá aðaláfrýjanda Kjartani R. Gíslasyni, þar sm fram kemur, að 22. ágúst 1978 hafi hann lokið

síðasta staf bókarinnar og að vélritun handrits hafi lokið 12. mars 1979. Kjartan gaf aðilaskýrslu á dómþingi 22. maí 1985. Þar sagði hann m.a., að hann hefði ritað minnisblað um leið og lokið var þeim verkum, sem þar er lýst, og ítrekaði, að handritið hefði verið tilbúið í ágúst 1978 en þó hafi verið eftir að vélrita nokkra stafi.

Lagt hefur verið fram bréf, sem gagnáfrýjandi ritaði sendiráði þýska sambandslýðveldisins í Reykjavík 16. júní 1978. Segir þar, að fyrirhugað sé að gefa út vandaða íslensk-þýska orðabók á vegum prentsmiðjunnar og verði handritið fullbúið þetta sumar. Megi segja, að „ráðist sé í þetta mikla verk af vilja en litlum mætti“.

Meðal þeirra, sem gáfu vitnaskýrslur á bæjarþingi, voru Pétur Ólafsson, sem var framkvæmdastjóri Ísafoldarprentsmiðju hf. 1955-1968, Kristinn Gestsson, sem mun hafa gegnt þeim starfa 1970-1975 og Lúðvík Jónsson, sem tók við af Kristni og sýnist hafa verið framkvæmdastjóri til áramóta 1981-1982 eða þar um bil. Allir tóku þessir menn fram, að ekki hefði verið til þess ætlast, að höfundarnir skiluðu prentsmiðjunni fullbúnu handriti, áður en hafist væri handa um að setja bókina.

Gagnáfrýjandi ritaði aðaláfrýjandanum Kjartani bréf 13. nóvember 1980, þar sem segir m.a.:

„Með tilvísun í samtöl okkar undanfarið skal eftirfarandi tekið fram:

1. Heita má, að bókin sé fullsamin eða a.m.k. svo langt komin, að ekki ætti að valda töfum í vinnslu.
Áætlað er að hún verði 120 arkir eða um 1920 bls.
2. Ljóst er, að hér á landi er enginn einn aðili, sem hefur fjárhagslegt bolmagn til þess að standa að útgáfunni án utan-aðkomandi stuðnings.
3. Í samtölum okkar hefur komið fram sú hugmynd, að hluti verksins yrði unninn hjá Ísafoldarprentsmiðju, en annar hluti hjá erlendum aðila, sem yrði þá meðútgefandi.

Á undanförnum árum hefur Ísafold greitt höfundum verksins litla upphæð árlega. Samtals nema þessar greiðslur kr. 1.288.000,- Þar að auki hefur verið lögð nokkur vinna í setningu stafanna A-Á. Einnig munu höfundar hafa fengið einhverja opinbera aðstoð, sem okkur er þó ekki kunnugt um.

Í sambandi við lið 3) hér að ofan er eftirfarandi hugmynd sett

fram sem einn möguleiki í samstarfi við erlendan aðila: Ísafold annist alla setningu bókarinnar og geri hana hreina fyrir prentun. Erlendur aðili taki þá við, prenti bókina og bindi ...“.

Önnur gögn í málinu staðfesta það, sem í bréfi þessu segir, að gagnáfrýjandi hafi á árunum 1959-1980 greitt höfundum orðabókarinnar samtals gamlar krónur 1.288.000,00. Var eitthvað greitt öll árin nema 1969. Ekki var neitt greitt eftir 1980.

Um eða eftir áramótin 1981-1982 urðu eigendaskipti að meirihluta hlutabréfa í Ísafoldarprentsmiðju hf. og nýr stjórnandi tók við rekstri fyrirtækisins, Leó E. Löve. Hann átti fund með aðaláfrýjanda Kjartani R. Gíslasyni í mars 1982 og sátu nokkrir fleiri menn þann fund, þó enginn úr hópi aðaláfrýjenda nema Kjartan. Á því má byggja í málinu, að á fundinum hafi Leó skýrt frá því, að í undirbúningi væru kaup á nýjum tölvubúnaði, sem ætlaður væri til að setja orðabókina, en ekki væri búið að velja þennan búnað. Enn ræddust þeir Leó og Kjartan við í síma síðsumars 1982 og barst þá í tal, að ákvörðun um þennan búnað yrði tekin fljótlega. Hafa verið lögð fram skjöl í málinu, sem sýna, að pöntun hafi verið gerð í október. Í desember var að frumkvæði Kjartans haldinn fundur, þar sem hann kom ásamt lögmanni sínum til viðtals við Leó E. Löve. Af því sem fram er komið um þennan fund verður ráðið, að Kjartan og lögmaður hans hafi tjáð Leó, að til stæði að rifta samningi orðabókarhöfundanna við gagnáfrýjanda, en Leó hafi mótmælt riftun og skýrt frá pöntuninni á nýjum búnaði. Þetta var síðan ítrekað við ýmis tækifæri snemma árs 1983. Lögmaður aðaláfrýjenda ritaði gagnáfrýjanda riftunarbréf 16. mars 1983 og byggði á verulegri vanefnd prentsmiðjunnar.

Ekki þarf í máli þessu að taka afstöðu til þess, hvort höfundar hinnar íslensk-þýsku orðabókar hafi boðið fullnægjandi handrit til setningar á árinu 1975 eða fyrr. Af því, sem rakið hefur verið, er ljóst, að fullnægjandi handrit var tilbúið 1978, og hefur ekki þýðingu fyrir niðurstöðu málsins, hvort höfundarnir hafi sýnt fram á, að þeir hefðu getað helgað tíma sinn þeim störfum, sem vinna þurfti samhliða setningu. Gagnáfrýjandi hófst ekki handa við prentsmiðjuvinnuna og bókina kom ekki út. Stóð svo allt fram á árið 1982, að gagnáfrýjandi aðhafðist ékkert, sem honum var skylt eftir útgáfusamningi aðila og 35. gr. höfundalaga nr. 73/1972. Tel ég ljóst, að

höfundunum var um áramótin 1981-1982 heimilt að rifta útgáfusamningnum án þess að endurgreiða það fé, sem Ísafoldarprentsmiðja hf. hafði greitt þeim, sbr. 36. gr. höfundalaga.

Til álita kemur þessu næst, hvort eitthvað það hafi gerst í samskiptum aðila á árinu 1982, sem leiði til þess, að riftunin 16. mars 1983 hafi verið ólögmæt.

Þess er fyrst að geta, að því er ekki haldið fram enda ekkert fram komið um, að aðaláfrýjendur hafi 1982 gefið loforð sem útilokað hafi riftun í mars 1983. Er þess sérstaklega að geta, að ekki var af hálfu Ísafoldarprentsmiðju hf. óskað eftir því á þessu ári, að gerður yrði skriflegur útgáfusamningur. Það var aftur á móti gert 1983, en aðaláfrýjendur féllust ekki á þá samingsgerð. Ljóst er, að nýr framkvæmdastjóri prentsmiðjunnar tjáði fulltrúa höfunda í mars og ágúst 1982, að kaup á nýjum prentbúnaði væri í undirbúningi með sérstöku tilliti til orðabókarinnar. Þessum frásögnum fylgdu ekki af hálfu gagnáfrýjanda neins konar athafnir sem settu aðaláfrýjendur í þá stöðu, að þeir hlytu að taka afstöðu til, hvort þeir vildu veita viðtöku greiðslu frá útgefanda eða öðru, sem fæli í sér efndir á útgáfusamningnum af hendi hans. Ekki þarf að taka afstöðu til þess, hvort það hefði verið efnd, sem setti aðaláfrýjendur í slíka stöðu, ef þeim hefði verið tilkynnt, á réttum tíma, að prentsmiðjan hefði fest kaup á nýjum vélbúnaði til að setja orðabókina. Slík tilkynning var gefin á fundi þeim, sem haldinn var í desember 1982 að frumkvæði talsmanns aðaláfrýjenda. Þar gaf hann og lögmaður hans yfirlýsingu, sem meta verður á þann veg, að þeir hafi áskilið sér riftunarrétt. Kom því tilkynning framkvæmdastjóra prentsmiðjunnar of seint fram til að geta haft áhrif á þann rétt aðaláfrýjenda. Samskipti aðila eftir þennan fund og allt fram til 16. mars 1983 breyta í engu réttarstöðunni. Var riftunin því lögmæt að mínu áliti.

Ég lít svo á, að 36. gr. 2. mgr. höfundalaga gildi um samskipti aðila. Ber því að sýkna aðaláfrýjendur af kröfum gagnáfrýjanda. Ekki eru efni til að taka skaðabótakröfu aðaláfrýjenda til greina, enda ekkert tjón sannað. Ég tel eftir atvikum rétt að málskostnaður falli niður í báðum dómum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júlí 1985.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Ísafoldarprentsmiðja hf., Þingholtsstræti 5 Reykjavík, höfðað fyrir dóminum á bæjarþingi 4. október 1984 gegn Sigríði Hallgrímsdóttur, Lönguhlíð 5 G Akureyri, nnr. 7624-7447, dr. Kjartani R. Gíslasyni dósent, Byrgi v/Rjúpnahæð Elliðavatnshverfi Reykjavík, nnr. 5602-1809, og Teiti Benediktssyni menntaskólakennara, Bogahlíð 24 Reykjavík, nnr. 8859-6722, til greiðslu skaðabóta vegna riftunar á útgáfusamningi.

Gagnsökin höfðuðu aðalstefndu á bæjarþingi 28. mars 1985 til greiðslu skaðabóta vegna vanefnda á útgáfusamningi.

Um haustið 1959 varð að samkomulagi milli aðalstefnanda og Ingvars G. Brynjólfssonar heitins menntaskólakennara, eiginmanns stefndu Sigríðar, um að hann semdi handrit að um 20 arka íslensk-þýskri orðabók fyrir aðalstefnanda, og var ráðgert að handritið yrði fullgert seint á árinu 1964. Ingvar heitinn hóf þegar störf að samningu orðabókarinnar á árinu 1959 en á árinu 1962 var ákveðið að stækka bókina í 50 arkir og 1964 var ákveðið að hún yrði 80 arkir. Á því ári hófu gagnstefnendurnir Kjartan og Teitur störf að orðabókinni með Ingvari heitnum. Aðalstefnandi greiddi höfundunum þóknun með áfangagreiðslum frá 1959 til 1980.

Samkvæmt yfirlýsingu aðalstefnanda dags. 21. desember 1970 og bréfi Ingvars G. Brynjólfssonar til menntamálaráðuneytisins dags. 26. september 1970 var gert ráð fyrir að orðabókin gæti komið út árinu 1973, en 30. mars 1973 ritaði Ingvar heitinn Ísafoldarprentsmiðju hf. bréf þar sem hann óskar þess meðal annars að bókstafurinn A, Á verði fullsettur og afþrykkur í 10 eintökum í allra síðasta lagi fyrir 15. júní 1973 að því viðlögðu að viðræðugrundvöllur verði talinn brostinn og viðræður teknar upp við önnur bókaforlög um útgáfuréttinn. Í framhaldi af þessu voru settir 123 dálkar með orðum sem byrja á A og Á og þrjú eintök prófarka afhent.

Þann 28. janúar 1979 andaðist Ingvar Brynjólfsson, en eiginkona hans stefnda Sigríður fékk leyfi til setu í óskiptu búi 27. apríl 1979. Samkvæmt bréfi aðalstefnanda til stefnda Kjartans 13. nóvember 1980 virðist gert ráð fyrir því að orðabókin verði 120 arkir. Í marsmánuði 1982 fóru fram viðræður milli forsvarsmanna aðalstefnanda og stefnda Kjartans. Á fundinum virðist hafa komið fram að handrit gagnstefnenda væri tilbúið að öðru leyti en því að eftir væri að samræma það og lesa yfir, en að aðalstefnandi hefði í hyggju að festa kaup á tölvubúnaði sem yrði notaður til að setja verkið og yrði búnaðurinn valinn á næsta sumri. Þá virðist hafa verið talað um að gagnstefnandinn Kjartan fengi leyfi frá aðalstarfi sínu meðan setning stæði yfir og mun hafa verið rætt um skólaárið 1982-1983 í því sambandi. Á fundi aðila í desember 1982 kom fram af hálfu gagnstefnenda að þeir

hefðu í hyggju að rifta samningnum við aðalstefnanda, og þann 15. mars 1983 rituðu þeir aðalstefnanda riftunarbréf. Með bréfi 30. september 1983 var riftuninni mótmælt af hálfu aðalstefnanda og lýst skaðabótaábyrgð á hendur gagnstefnendum. Gagnstefnendur hafa samið við annan útgefanda um útgáfu bókarinnar.

Aðalstefnandi gerir þær dómkröfur í aðalstök að stefndu verði dæmdir að óskiptu til að greiða félaginu kr. 7.429.725,00 með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá 4. október 1984 til greiðsludags og að vöxtum verði bætt við höfuðstól á 12 mánaða fresti talið frá upphafsdegi vaxta. Þá er krafist málskostnaðar alls úr hendi stefndu að óskiptu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ eða að mati dómsins.

Dómkröfur stefnanda sundurliðast þannig:

a) Misstur hagnaður af útgáfu	kr. 5.000.000,00
b) Misstur hagnaður af prentun o.þ.h.	— 522.873,00
c) Setningarkostnaður	— 129.000,00
d) Greitt stefndu 1959-80 á verðlagi 1984	— 958.358,00
e) 2% einfaldir vextir á ári í greiðslu til stefndu .	— 319.494,00
f) Tap á kaupum á tölvubúnaði vegna orðabókar	<u>— 500.000,00</u>

Aðalstefnandi reisir kröfur sínar á því að gagnstefnendum hafi borið skylda til að afhenda honum fullbúið handritið til prentunar en að það hafi þeir aldrei gert; þannig hafi aðalstefnandi ekki dregið það á neinn hátt að gefa handritið út í samráði við handhafa höfundarréttar; aðalstefnandi hafi orðið fyrir miklu tjóni vegna riftunarinnar sem sé heimildarlaus og gagnstefnendur því bótaskyldir. Málið er höfðað til heimtu bóta vegna þessa tjóns, sem hann hefur sundurliðað eins og að framan greinir.

Sérstaklega er byggt á því af hálfu aðalstefnanda að orðabókarhandritið sé eign hans samkvæmt samningi aðila.

Af hálfu gagnstefnenda er þess krafist í aðalsök að þeir verði sýknaðir og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi aðalstefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ kr. 484.215,00. Því er haldið fram af hálfu gagnstefnenda að báðir aðilar málsins hafi jafnan haft þann sameiginlega skilning að handritið yrði aðeins afhent aðalstefnanda eftir því sem vinnslu hjá honum fleytti fram; setningavinnu hafi því átt að hefja jafnskjótt og handritsgerð var komið svo langt að fyrirsjáanlega yrðu ekki verulegar tafir á setningarvinnu vegna vinnu við handrit; aðalstefnanda hafi verið skylt að eiga frumkvæðið og hefja störf að útgáfunni strax og handritsgerð var svo langt komið að fyrirsjáanlega yrðu ekki verulegar truflanir í prentsmiðjunni nema þá vegna vinnu við prófarkalestur og samræmingu, sbr. 35. gr. laga nr. 73/1972; samkvæmt þessu hafi aðalstefnanda verið skylt að hefjast handa um útgáfunna eigi síðar en á árinu 1975. Þar sem aðalstefnandi hafi vanefnt þessa

skyldu sína verulega hafi gagnstefnendur átt rétt á að rifta samningnum. Af þessu sökum verði gagnstefnendur ekki bótaskyldir vegna vanefnda né heldur skyldir til endurgreiðslu höfundalauna, og er um það atriði sérstaklega byggt á lögjöfnun frá 2. mgr. 36 gr. höfundalaga nr. 73/1972. Af hálfu gagnstefnenda er því sérstaklega andmælt að yfirlýsing Ingvars heitins Brynjólfssonar um eignarrétt aðalstefnanda að handriti í bréfi 12. ágúst 1965 hafi nokkra þýðingu fyrir úrlausn málsins.

Af hálfu aðalstefnanda er því sérstaklega haldið fram að vegna eðlis samningsins hafi gagnstefnendur ekki getað rift samningnum fyrirvaralaust án þess að gefa aðalstefnanda færi á að fullnægja skyldum sínum. Af hálfu gagnstefnenda er því haldið fram að þessa málsástæðu skorti alla lagastöð.

Gagnstefnendur mótmæla bótakröfum aðalstefnanda sérstaklega til vara sem of háum og ósönnuðum. Kröfu aðalstefnanda vegna setningarkostnaðar og greiddra höfundalauna er sérstaklega mótmælt að því leyti sem hún miðast við verðlag á árinu 1984. Öllum kröfum er mótmælt á grundvelli skuldajafnaðar við bótakröfu gagnstefnenda. Kröfum um vexti á greiðslu til höfunda frá aðalstefnanda er sérstaklega mótmælt. Varðandi kaup á vélbúnaði er því haldið fram að ósannað sé að útgáfa orðabókarinnar hafi ráðið nokkru um þessi kaup og ennfremur að ósannað sé að búnaðurinn nýttist ekki til annarra verka. Loks er því mótmælt að gagnstefnendum hafi verið gert ljóst að aðalstefnandi teldi kaup þessa búnaðar gerð vegna samnings aðilanna og að hann nýttist ekki til annars.

Í gagnsök krefjast gagnstefnendur þess að gagnstefndi Ísafoldarprentsmiðja hf. verði dæmd til að greiða gagnstefnendum skaðabætur *aðallega* að fjárhæð kr. 6.330.643,00 með 5% ársvöxtum frá 1. apríl 1984 til 23. maí, en dómvexti frá þeim degi til greiðsludags. Verði tekið fram um vextina, að þeir skuli leggjast við þann höfuðstól, sem vextir reiknast af á 12 mánaða fresti, *aðallega* í fyrsta sinn 1. janúar 1985, en til vara í fyrsta sinn 1. apríl 1985.

Til vara er krafist skaðabóta að fjárhæð kr. 4.831.200,00 með 19% ársvöxtum frá 1. apríl 1984 til 1. janúar 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, en með 48% ársvöxtum frá þeim degi til 28. mars 1985, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Verði tekið fram um vextina að þeir skuli leggjast við þann höfuðstól, sem vextir reiknast af á 12 mánaða fresti, *aðallega* í fyrsta sinn 1. janúar 1985, en til vara í fyrsta sinn 1. apríl 1985.

Í gagnsök er krafist málskostnaðar úr hendi gagnstefnda skv. gjaldskrá LMFÍ að fjárhæð kr. 399.926,00. Beri málskostnaðarfjárhæðin 48% ársvexti *aðallega* frá dómtökudegi, en til vara þeim degi er dómur verður aðfararhæfur. Um vextina á málskostnaðinn verði tekið fram að þeir skuli bæstast við þann málskostnaðarhöfuðstól sem vextir reiknast af á 12 mánaða

fresti, aðallega í fyrsta sinn 1. janúar næstan á eftir upphafstímanum, en til vara í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafstímann.

Í gagnstefnu er krafa gagnstefnenda sundurliðuð þannig:

Töpuð höfundarlaun	kr. 3.931.200,00
Kostnaður vegna úreldingar handrits	— 900.000,00
Samtals	kr. 4.831.200,00

Við munnlegan málflutning var krafan hækkuð um álag samkvæmt lánskjaravísitölu, þannig:

Höfuðstóll	kr. 4.831.200,00
Vísitöluálag (1119/854-1) 4.831.200,00	— 1.499.142,00
	Kr. 6.330.342,00

Bæði aðal- og varakrafa eru á því reistar að fyrir liggi nægjanleg sönnun þess að tjón gagnstefnenda hafi í marsmánuði 1984, þegar riftun var formlega staðfest, að minnsta kosti numið gagnstefnufjárhæðinni kr. 4.831.200,00, en krafan um greiðslu þessara tjónbóta teljist hafa gjaldfallið eigi síðar en 1. apríl 1984.

Krafa um verðbætur er sérstaklega byggð á því að án þeirra muni gagnstefnendur ekki geta fengið tjón sitt bætt að fullu, en það sé meginregla að fullar bætur skuli koma fyrir tjón sem skylt sé að bæta. Krafa um vaxtavexti er byggð á því, að því er dómvexti varðar, að þeir geti ekki orðið „jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir“ eins og fyrir er mælt í 1. gr. laga nr. 56/1979, með öðrum hætti.

Af hálfu aðalstefnanda er þess krafist í gagnsök að félagið verði sýknað af öllum kröfum gagnstefnenda og því tildæmdur málskostnaður í gagnsök samkvæmt gjaldskrá LMFÍ eða að mati dómsins. Í gagnsök er haldið fram sömu málsástæðum af hálfu aðalstefnanda og í aðalsök, en því sérstaklega haldið fram að ekki hafi komið til þess af hálfu höfunda að þeir tilkynntu að handrit væri það langt á veg komið að unnt væri að hefjast handa við útgáfu þess, hins vegar hafi aðalstefnandi marglýst því yfir við höfunda að hann væri reiðubúinn til að hefjast handa um útgáfuna þegar handrit lægi fyrir. Sérstaklega er því haldið fram að engin venja sé fyrir því á sviði orðabókaútgáfu að hefjast handa um útgáfu áður en handrit er fullbúið til prentunar. Ennfremur er hafnað kröfum gagnstefnenda um verðbætur svo og vaxtakröfum öðrum en kröfum um vexti jafnháa almennum sparisjóðsvöxtum frá stefnubirtingardegi. Loks er sérstaklega mótmælt kröfu um vexti á málskostnað vegna skorts á lagaheimild. Þá er því haldið fram að gagnstefnendur hafi ekki sýnt fram á tjón vegna þess að handrit sé úrelt. Þessum bóталиð er mótmælt sem röngum, órökstuddum og vanreifudum.

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu gagnstefnenda mótmælt sem

of seint fram kominni þeirri málsástæðu að það hafi verið skilyrði riftunar að aðalstefnanda væri áður gefinn kostur á að efna samninginn með sérstakri tilkynningu.

Umboðsmaður aðalstefnanda hefur lagt fram málskostnaðarreikning að fjárhæð kr. 884.141,00. Málskostnaðarreikningur gagnstefnanda er með sömu fjárhæð.

Álit dómsins.

Pegar aðalstefnanda barst riftunarbréf gagnstefnanda var liðið á 24. ár frá því að Ingvar heitinn Brynjólfsson hóf störf að orðabókargerðinni fyrir aðalstefnanda. Viðskipti aðila höfðu haldist óslitið frá upphafi, og aðalstefnandi hafði greitt höfundunum fyrir störf þeirra jafnóðum og verkinu miðaði lengst af þessu tímabili, og ekki verður séð að stöðvun greiðslna til höfundanna á árinu 1980 hafi átt rót að rekja til atvika sem metin verða aðalstefnanda til vanefnda. Gagnstefnendum hlaut að vera kunnugt um að aðalstefnandi var að auka við vélakost prentsmiðju sinnar, meðal annars til að auðvelda setningu orðabókarinnar og flýta fyrir útgáfu hennar.

Við það þykir mega miða að handrit gagnstefnanda hafi ekki verið fullbúið til setningar og að verki þeirra hafi ekki verið lengra komið en svo að a.m.k. hafi verið eftir að samræma handritið og lesa það yfir. Þá þykja gagnstefnendur ekki hafa sýnt fram á að þeir hafi verið tilbúnir til að helga sig, svo sem þörf var á, þeim störfum sem nauðsynlegt var að þeir inntu af hendi samhliða setningu bókarinnar. Það verður þannig að álitast að gagnstefnendur hafi ekki átt rétt á að rifta samningnum án fyrirvara, jafnvel þótt miðað sé við skilning þeirra á því hvenær aðalstefnanda hafi verið skylt að hefjast handa. Þá hefði mátt vænta þess að gagnstefnendur afhentu aðalstefnanda handritið eða veittu honum aðgang að því í því horfi að hefjast mætti handa við setningu, prentun og útgáfu bókarinnar og að gagnstefnendur lýstu sig með ótvíræðum hætti reiðubúna til að hefjast handa við sinn þátt verksins sem höfundar hlutu að inna af hendi samhliða setningu þess. Loks hefði mátt ætlast til að gagnstefnendur hefðu veitt aðalstefnanda hæfilegan frest til að efna samninginn áður en til riftunar kæmi. Þar sem gagnstefnendur hafa ekki sýnt fram á að þeir hafi af sinni hendi fullnægt nauðsynlegum skilyrðum til þess að þeim væri heimil riftun, þykir verða að fallast á það með aðalstefnanda að riftunin hafi verið ólögsmæt. Verður því að telja að með því að slíta samstarfinu við aðalstefnanda og fela öðrum að gefa bókina út hafi gagnstefnendur orðið skyldir til greiðslu bóta fyrir það tjón sem samningsrofin hafa bakað aðalstefnanda.

Miðað við fyrirliggjandi gögn er mjög örðugt að ákvarða tjón aðalstefnanda, og einkum þykir óvíst hversu mikils hagnaðar var að vænta af sölu bókarinnar, en á það þykir mega fallast með aðalstefnanda að tjón hans

felist í útlögðum kostnaði sem ekki muni skila sér vegna riftunarinnar, þar á meðal þóknun til höfunda, svo og missi hagnaðar. Aðalstefnandi þykir hafa gert nægilega sennilegt að tiltekinn hluti þess búnaðar, sem keyptur var til prentsmiðjunnar, hafi verið miðaður við setningu orðabókarinnar og verði ekki nægilega nýttur til annars eða komið í verð án taps. Eins og hér stendur á þykir mega áætla tjón aðalstefnanda að álitum og í einu lagi kr. 1.300.000,00 auk dómvaxta og málskostnaðar eins og að neðan greinir.

Samkvæmt framansögðu þykja gagnstefnendur ekki hafa sýnt fram á að þeir hafi orðið fyrir missi höfundalauna sem rekja megi til aðalstefnanda með þeim hætti að bótakrafa hans eigi að skerðast af þeim sökum. Auk þess hefur ekki verið gerð grein fyrir kröfu gagnstefnenda vegna úreldingar handrits með þeim hætti að fært sé að sinna kröfu þeirra um skuldajöfnuð hennar vegna.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 56/1979 skulu dómvextir vera jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir, og þykir því ekki verða hjá því komist að fallast á að rétt sé að þeir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Eðlilegast þykir að túlka 1. gr. laga nr. 56/1979 þannig að vexti beri að leggja við höfuðstól um áramót en eins og kröfugerð aðila er háttað þykir eftir atvikum mega fallast á að vextir leggist við höfuðstól að 12 mánuðum liðnum frá upphafsdegi vaxta og síðan á 12 mánaða fresti.

Samkvæmt ofangreindum niðurstöðum þykir bera að dæma gagnstefnendur til að greiða aðalstefnanda málskostnað í aðalsök og gagnsök, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 350.000,00.

Dóm þennan kváðu upp Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari, Sigurður Línadal prófessor og Ingvar Hjálmarsson prentari.

D ó m s o r ð:

Aðalstefnandi Ísafoldarprentsmiðja hf. skal vera sýkn af öllum kröfum gagnstefnenda.

Gagnstefnendur, Sigríður Hallgrímsdóttir, Kjartan R. Gíslason og Teitur Benediktsson, greiði aðalstefnanda kr. 1.300.000,00 með 25,5% ársvöxtum frá 4. október 1984 til 11. sama mánaðar, með 26% ársvöxtum frá þeim degi til 12. saman mánaðar, með 28% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1984, með 29% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1985, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 3. júlí 1985, en með hæstu innlánsvöxtum eins og þeir verða á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, talið frá 4. október 1984.

Gagnstefnendur greiði aðalstefnanda kr. 350.000,00 í málskostnað.

Þriðjudaginn 14. apríl 1987.

Nr. 305/1986. **Hálf dán Ingi Jensen og
Anna Lára Ármannsdóttir**

(Guðjón Styrkársson hrl.)

gegn

Hjördísi Þórarinsdóttur

(Gunnar Sæmundsson hrl.)

Áfrýjunarstefna. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnum 19. febrúar 1986, að fengnum áfrýjunarleyfum sama dag samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Útivist varð í málunum í nóvember 1986 og var þeim áfrýjað að nýju með stefnum 18. nóvember 1986 með heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 og þau sam-
einuð í eitt mál.

Í áfrýjunarstefnum lýsa áfrýjendur kröfum sínum svo, að þeir muni fyrir Hæstarétti „gera þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi og fjárnámi verði með eða án ómerkingar eða heimvísunar, með eða án nýrra gagna, raka, málsástæðna og krafna hrundið og breytt á þá leið, að allar kröfur sem áfrýjandi hefði komið að í héraði verði teknar til greina og honum verði jafnframt dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.“

Í greinargerð áfrýjenda fyrir Hæstarétti 25. nóvember 1986 er sú eina krafa gerð „að máli þessu verði vísað frá dómi til löglegrar meðferðar í héraði og að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld, ennfremur er krafist málskostnaðar að mati Hæstaréttar.“ Í ódagsettri greinargerð áfrýjenda, sem barst Hæstarétti eftir miðjan